



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi um Afríku
Háskóla Íslands
12. febrúar 2004**

Góðir málþingsgestir

Það er fagnaðarefni að Háskóli Íslands, Þróunarsamvinnustofnun og Norræna Afríkustofnunin skuli í sameiningu efna til ráðstefnu um „Youths in African Cities“ og einnig málþings og bjóða hingað vaskri sveit fræðimanna frá álfunni til að miðla þekkingu og framtíðarsýn, taka þátt í umræðu um brýnustu hagsmunamál íbúanna og hvernig Vesturlönd geta orðið að liði.

Afríka hefur á ýmsan hátt verið hin gleymda álfa. Dauðateygjur kalda stríðsins, fæðingarhríðir nýrrar heimsmyndar, trosnun þeirra ítaka sem stórveldin og valdablokkir höfðu áður og svo glíman á síðustu árum við hryðjuverkin – allt hefur þetta orðið til að beina athyglinni annað. Evrópa, bæði Austur og Vestur, Ameríka, Rússland og aðrir máttarstólpar í heimsmálum 20. aldar hafa verið upptekin við eigin vanda.

Afríka komst helst á dagskrá þegar fréttir bárust af ógnarstjórn eða valdatöku herforingja. Við og við var fjallað um fátæktina og vaxandi heilbrigðisvanda, einkum útbreiðslu eyðni, hræðilegar afleiðingar sjúkdómsins fyrir konur og börn. Afnáam aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku og forysta Nelsons Mandela í lýðræðisþróun og samfélagslegri sáttargjörð voru þó skær ljós á sínum tíma.

Nú bendir hins vegar margt til þess að stund Afríku sé runnin upp. Áhrifaríkir forystumenn víða um heim hafa sett nýjan tón í umræðuna. Nýleg ferð fjármálaráðherra Bretlands, Gordon Brown, til Afríku er vitnisburður um breyttar áherslur auðugra þjóða og reyndar hefur ríkisstjórn Bretlands ákveðið að gera málefni Afríku að helsta áhersluatriði í samtökum átta auðugustu ríkja heims.

Það er því í anda hins nýja viðmóts að við efnum hér til samræðna um okkar hlut og leitum ráða hjá sérfræðingum á heimavelli hvað helst geti komið að gagni.

Við Íslendingar eigum ýmislegt sameiginlegt með þjóðum Afríku þótt fjarlægð og ólíkt loftslag skilji okkur að.

Við vorum um aldir fátækasta þjóðin í okkar álfu, samfélag bænda og fiskimanna sem glímdi við harðræði, drepsóttir og óblíð náttúruöfl. Barnadauði var mikill og íbúafjöldinn stóð í stað í árhundruð.

Við vorum háð nýlenduherrum, höfðum engan rétt. Öll völd voru í hendi erlends konungs og fjarlæggra stjórnarherra. Sjálfstæðisbaráttan varð brýnt viðfangsefni og ung kynslóð menntamanna, oft með aðsetri í höfðuborg nýlenduveldisins, tók forystuna. Vissulega var sjálfstæðisbaráttan okkar Íslendinga friðsamari og tók ekki sama toll í mannfórnum og átökin í Afríku en hún var engu að síður okkur erfið og stóð reyndar í hundruð ár.

Við urðum að sækja efnivið til framfara í frumatvinnuvegi til lands og sjávar, tryggja nýtt atvinnulíf á grundvelli sjávarútvegs og landbúnaðar, gera náttúruauðlindir okkar að uppsprettu velferðarskeiðs og lífskjarabata.

Þessi samkennd okkar og Afríku, þótt einnig sé margt ólíkt og framandi í samanburði, er kjörinn efniviður til umræðna um hvað Íslendingar geti á næstu árum einkum látið Afríku í té.

Þar koma að mínu mati einkum fjögur svið til greina:

- 1) Reynsla okkar í sjávarútvegi, árangurinn sem við höfum náð í nýtingu auðlinda hafsins, hefur verið og verður áfram mikilvægt framlag til þróunar og efnahagsbata í Afríku. Við getum þar stuðst við ýmiss dæmi; sumt hefur tekist, annað miður, en arðbærari nýting auðlinda hafsins og einnig vatna er tvímælalaust brýnt hagsmunamál fyrir fjölda ríkja í Afríku.
- 2) Jarðhita er mun víðar að finna í Afríku en almennt hefur verið talið og hér getur reynsla Íslendinga, þekking og tækni komið að góðum notum. Jarðhiti er á ýmsan hátt hagkvæmari orkugjafi í fátækum löndum en framkvæmdir sem eru stórar í sniðum, virkjanir stórfljóta eða gríðastórar olíustöðvar og kjarnorkuver. Jarðhitinn

getur fallið vel að þörfum fáeinna húsa, þorps eða borgarhluta, allt eftir því hvað við á hverju sinni og framkvæmdir má því sníða í takt við þróunarþörf á ólíkum svæðum.

- 3) Heilbrigðisþjónustan, þjálfun hjúkrunarfólks og skipulagning starfsseminnar, hvernig best má tengja saman lækniþjónustu í dreifðum byggðum og á sjúkrahúsum í stærri borgum er einnig svið þar sem við getum gert mun betur. Baráttan við eyðni og aðra sjúkdóma hljóta að vera forgangsmál og þar geta bæði reynslan frá sigursælli glímu okkar Íslendinga við berklaveikina á sínum tíma og árangur nýrra íslenskra lyfjafyrirtækja á síðustu árum komið að góðum notum. Heilbrigðisþjónustan er kannski sá vettvangur þar sem samvinna okkar og Afríku getur á næstu árum tekið hvað mestum stakkaskiptum.
- 4) Stjórnsýslan, stjórnkerfið, lýðræðisþróun, uppbygging stofnana í takt við nútímakröfur, gegnsæi og ábyrgð, heiðarleg og fagleg ákvarðanataka, en jafnframt framsækin og árangursrík – allt eru þetta viðfangsefni sem við ættum að setja á dagskrá og þar getur reynsla Íslendinga við að þróa sjálfstætt ríki úr jarðvegi nýlendunnar komið að góðum notum. Líka vegna þess að mörg ríki í Afríku eru smá eða meðalstór, en margt af því sem mótað hefur kenningar og ráðgjöf í stjórnsýslufræðum og ríkisþróun tekur meira mið af hinum stærstu ríkjum svo sem Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi svo að dæmi séu nefnd, á síður við þegar glíma smærri ríkja í Afríku er höfð í huga. Hér getur hins vegar hin íslenska reynsla vísað veginn.

Ég hef hér nefnt fjóra þætti en að sjálfsögðu kemur margt fleira til greina og málþingið hér í dag er kjörinn vettvangur til að brjóta þessi mál til mergjar.

Ábendingar og góð ráð hinna Afrísku gesta verða í þeirri umfjöllun vel þegin. Við erum hingað komin ekki síður til að læra af þeim, fræðast um sýn þeirra á framtíðina, kynnast hvaða vegferð þeir telja vænlegasta.

Afríka er á margan hátt heillandi álfa. Því höfum við kynnst í heimsóknum okkar, heimsóknum sem hafa auðgað reynslusjóðinn og hvatt okkur til nýrra dáða. Það er heillandi köllun að geta í ríkari mæli orðið íbúum hennar að öfluglu liði.